## Árið 2000

# FLUGTÖLUR

### Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

## FLUGFLOTI




Loftförum í íslenska flugflotanum fjölgaði um fimm á árinu 2000 eða um 2%. Í árslok 2000 voru 348 loftför skráð á Íslandi á móti 343 á sama tíma árið áður.

Á árinu fjölgaði þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) um fjórar, léttum flugvélum (undir 5.700 kg) fjölgaði um eina en engar svifflugur bættust við í flugflotann. Þyrlufjöldi var hinn sami og fjögur síðastliðin ár.

Síðastliðin áratug hefur íslenskum loftförum á skrá fjölgað að meðaltali um 1% á ári. Síðastliðin fimm ár hefur loftförum einnig fjölgað um það sama eða 1%.

## SKÍRTEINI EINSTAKLINGA




Gild skírteini einstaklinga í árslok voru 2.564 talsins en það er um 8% fækkun frá árinu áður.

Fjölmennustu hópar skírteinishafa í lok ársins voru: einkaflugmenn 618, atvinnuflugmenn 617, flugvéltæknar 282, flugkennarar 208, flugnemar 131, flugumferðarstjórar 94, flugvélstjórar 41, flugumsjónarmenn 39 og svifflugmenn 38.

Á árinu fjölgaði flugumferðarstjórum um 6%, flugvéltæknum um 3% og atvinnuflugmönnum um 1%. Hins vegar fækkaði einkaflugmönnum um 8%, svifflugmönnum um 19%, flugnemum um 18%, flugkennurum um 8% og flugvélstjórum um 2%.

Síðastliðin áratug hefur einstaklingsskírteinum í gildi að meðaltali fjölgað um 6%. Meðalstalsfjölgun undanfarin fimm ár er 5%.

## ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Árið 2000 fóru 92.685 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið, 9% fleiri en árið áður eða tæplega 7.700 fleiri flugvélar en árið 1999.

Umferðin á árinu skiptist þannig að 88% var atvinnuflug, herflug 6% og til almannaflugs taldist 6%.

Úthafsflugumferð hefur aukist síðastliðin áratug um 3% að meðaltali en 7% á ári sl. fimm ár.

## FARÞEGAR INNANLANDS*







Árið 2000 fóru alls rúmlega 445.500 innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli eða 4% samdráttur frá árinu áður eða sem svarar til um 19.500 færri farþega.

Farþegum fækkaði á sjö af átta stærstu áætlunarflugvöllum landsins; farþegum fækkaði mest á flugvellinum á Húsavík eða um 37%, 9% á Sauðárkróki, 6% í Vestmannaeyjum, 4% á Egilsstöðum, 4% á Ísafirði, 3% í Reykjavík og um 2% á Hornafirði. Örlítil aukning átti sér stað á Akureyri, eða um 0,2%.

Heildarfjöldi innanlandsfarþega á áætlunarvöllum landsins hefur þó að meðaltali verið að aukast um 3% á hverju ári síðastliðin áratug. Meðaltalsaukning sl. fimm ára er 4% á ári.

* Aths. Í flugtölum 1999 voru millilandafarþegar taldir með innanlandsfarþegum. Þetta hefur verið leiðrétt í flugtölum 2000. Í Reykjavík voru millilandafarþegar, alls 22.297, dregnir frá innanlandsfarþegatölum, á Akureyri voru það alls 5.042 farþegar og 638 á Egilsstöðum. Heildarfjöldi innlendra farþega um íslenska áætlunarflugvelli 1999 voru því rétt tæplega 465.000.

## FARÞEGAR MILLI LANDA







Alls fóru rúmlega 1.480.000 millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli árið 2000. Það er fjölgun um 10% eða 140.000 fleiri farþegar.

Á árinu fjölgaði farþegum um 12% í Reykjavík, 11% í Keflavík og um 5% á Egilsstöðum en farþegum fækkaði um 75% á Akureyri.

Undanfarin áratug hefur millilandafarþegum fjölgað um 7% á ári að meðaltali.

## VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Alls voru flutt 1.582 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi árið 2000, sem er 11,5% samdráttur miðað við árið áður eða sem nemur 205 tonnum.

Á árinu voru flutt rúmlega 1.440 tonn af vörum sem er rúmlega 146 tonnum minna en árið áður eða 9%. Alls voru flutt 140 tonn af pósti sem er um 30% samdráttur miðað við árið áður eða sem nemur 59 tonnum.

Flutningar á vörum og pósti jukust á fjórum af átta stærstu áætlunarflugvöllum landsins: 15% á Hornafirði, 10% í Vestmannaeyjum, 6% á Akureyri og 2% á Ísafirði. Flutningar drógust saman um 39% á Húsavík, 37% á Sauðárkróki, 23% í Reykjavík og 3% á Egilsstöðum.

Flutningur á vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 9% á ári sl. áratug og um 8% sl. fimm ár.

## VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA




Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi um íslenska áætlunarflugvelli jukust um 23% árið 2000 og námu samtals rúmlega 40.500 tonnum. Það er 7.600 tonnum meira miðað við árið áður.

Á árinu voru flutt um 38.500 tonn af vörum og um 2.000 tonn af pósti. Vöruflutningar jukust um 24%, eða um tæplega 7.500 tonn, en í póstflutningum var 8% aukning eða rúmlega 150 tonn.

Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi á árinu jukustu um 23% á Keflavíkurflugvelli og 40% á Reykjavíkurflugvelli.

Heildarmagn af vörum og pósti í millilandaflugi hefur aukist um 12% að meðaltali sl. tíu ár og um 16% sl. fimm ár.

## FLUGHREYFINGAR INNANLANDS




Heildarfjöldi flughreyfinga (flugtaka og lendinga) á íslenskum áætlunarflugvöllum árið 2000 var 178.000 sem er 4% samdráttur frá árinu áður, þar af voru tæplega 151.000 í innanlandsflugi og rúmlega 27.000 í millilandaflugi.

Í innanlandsflugi fækkaði flughreyfingum í áætlunar- og leiguflugi um 7% á árinu en þær voru um 57.000 talsins, snertilendingar (æfingalendingar) voru tæplega 47.000 sem er 4% samdráttur og hreyfingar í öðru flugi innanlands voru um 48.000 eða 3% færri en árið 1999.

Árið 2000 fækkaði flughreyfingum á stærstu áætlunarflugvöllum landsins sem hér segir: á Húsavík um 50%, í Keflavík um 16%, á Egilsstöðum um 16%, á Sauðárkrók um 15%, á Akureyri um 10% og í Reykjavík um 0,2%. Flughreyfingum fjölgaði hins vegar um 16% í Vestmannaeyjum, 3% á Hornafirði og aukning átti sér stað á Ísafirði um 3%.

*1. tbl. 8. árgangur. Útgefið 31/10 2001.*

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS

***www.flugmalastjorn.is***

# FLUGTÖLUR

## Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

### Íslensk loftför á skrá 1991 - 2000

| Ár | Þungar flugvélar | Léttar flugvélar | Svifflugur | Þyrlur | Samtals | Breyting frá f.ári |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1991 | 18 | 273 | 24 | 5 | 320 | 1,6% |
| 1992 | 19 | 271 | 24 | 5 | 319 | -0,3% |
| 1993 | 24 | 264 | 26 | 5 | 319 | 0,0% |
| 1994 | 22 | 257 | 29 | 5 | 313 | -1,9% |
| 1995 | 30 | 259 | 29 | 6 | 324 | 3,5% |
| 1996 | 35 | 259 | 31 | 5 | 330 | 1,9% |
| 1997 | 41 | 255 | 31 | 5 | 332 | 0,6% |
| 1998 | 45 | 254 | 32 | 5 | 336 | 1,2% |
| 1999 | 46 | 259 | 33 | 5 | 343 | 2,1% |
| 2000 | 50 | 260 | 33 | 5 | 348 | 1,5% |

### Skírteini einstaklinga 1991 - 2000

| Ár | Útgefin | Endurnýjuð | Fjöldi skírteina | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|---|---|
| 1991 | 232 | 423 | 1.642 | -1,0% |
| 1992 | 230 | 532 | 1.753 | 6,8% |
| 1993 | 256 | 155 | 1.920 | 9,5% |
| 1994 | 260 | 148 | 1.865 | -2,9% |
| 1995 | 267 | 309 | 1.910 | 2,4% |
| 1996 | 391 | 448 | 2.031 | 6,3% |
| 1997 | 486 | 525 | 2.210 | 8,8% |
| 1998 | 758 | 230 | 2.528 | 14,4% |
| 1999 | 685 | 214 | 2.771 | 9,6% |
| 2000 | 500 | 241 | 2.564 | -7,5% |

### Skírteini einstaklinga 2000

| Tegund skírteinis | Útgefin | Endurnýjuð | Í gildi | Breyting 00/99 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnuflugmenn / flugvél | 24 | 49 | 326 | -4,4% | 12,7% |
| Atvinnuflugmenn / þyrla | 1 | 0 | 14 | 16,7% | 0,5% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ flugvél | 15 | 27 | 272 | 6,7% | 10,6% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ þyrla | 2 | 0 | 5 | 0,0% | 0,2% |
| Blindflugsáritanir | 25 | 0 | 302 | -10,1% | 11,8% |
| Einkaflugmenn / flugvél | 70 | 134 | 609 | -9,0% | 23,8% |
| Einkaflugmenn / þyrla | 3 | 0 | 9 | 50,0% | 0,4% |
| Flugkennarar | 14 | 3 | 208 | -8,4% | 8,1% |
| Flugnemar | 94 | 3 | 131 | -17,6% | 5,1% |
| Flugumferðarstjórar | 8 | 3 | 94 | 5,6% | 3,7% |
| Flugumsjónarmenn | 4 | 0 | 39 | 0,0% | 1,5% |
| Flugvélstjórar | 0 | 3 | 41 | -2,4% | 1,6% |
| Flugvéltæknar | 12 | 13 | 282 | 3,3% | 11,0% |
| Fullgildingar* | 228 | 0 | 194 | -28,4% | 7,6% |
| Svifflugmenn | 0 | 6 | 38 | -19,1% | 1,5% |
| | **500** | **241** | **2.564** | **-7,5%** | **100,0%** |

*****Árið 1997 voru 152 nýútgáfur og endurnýjanir*

### Umferð um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1991 - 2000

| Ár | Til/frá Íslandi | Yfirflug | Fjöldi ferða | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| 1991 | - | - | 64.660 | -8,4% |
| 1992 | - | - | 63.102 | -2,4% |
| 1993 | 18.142 | 46.813 | 64.955 | 2,9% |
| 1994 | 18.706 | 49.973 | 68.679 | 5,7% |
| 1995 | 20.940 | 45.352 | 66.292 | -3,5% |
| 1996 | 22.382 | 49.249 | 71.631 | 8,1% |
| 1997 | 23.162 | 50.193 | 73.355 | 2,4% |
| 1998 | 25.282 | 58.013 | 83.295 | 13,6% |
| 1999 | 26.028 | 58.977 | 85.005 | 2,1% |
| 2000 | 26.910 | 65.775 | 92.685 | 9,0% |

** Atvinnuflug og almannaflug ekki sundurliðað.*

### Skipting umferðar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1996 - 2000

| Ár | Atvinnuflug | Almannaflug | Herflug | Samtals | Hlutf. herflugs | Hlutf. atvinnuflugs | Hlutf. almannaflug |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996 | 58.824 | 5.191 | 7.616 | 71.631 | 10,6% | 82,1% | 7,2% |
| 1997 | 61.343 | 5.671 | 6.341 | 73.355 | 8,6% | 83,6% | 7,7% |
| 1998 | 70.913 | 5.783 | 6.595 | 83.291 | 7,9% | 85,1% | 6,9% |
| 1999 | 73.475 | 5.282 | 6.248 | 85.005 | 7,4% | 86,4% | 6,2% |
| 2000 | 81.666 | 5.703 | 5.316 | 92.685 | 5,7% | 88,1% | 6,2% |

### Innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 2000 *)

| Flugvöllur | Farþegafjöldi | Breyting 00/99 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 415.888 | -3,4% | 46,7% |
| Akureyri | 189.743 | 0,2% | 21,3% |
| Vestm.eyjar | 84.077 | -5,5% | 9,4% |
| Egilsstaðir | 73.055 | -4,2% | 8,2% |
| Ísafjörður | 52.067 | -3,9% | 5,8% |
| Hornafjörður | 19.347 | -2,4% | 2,2% |
| Húsavík | 8.234 | -36,5% | 0,9% |
| Sauðárkrókur | 13.460 | -8,6% | 1,5% |
| Aðrir flugvellir | 35.125 | -18,4% | 3,9% |
| | **890.996** | **-4,2%** | **100,0%** |

**) Hver farþegi er tvítalinn, þ.e. bæði við brottför og komu, en 2.805 áningarfarþegar eru ekki taldir með*
**) Í flugtölum 1999 voru millilandafarþegar taldir með innanlandsfarþegum, í samanburðartölum í þessari útgáfu hefur þetta verið leiðrétt.*

### Millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 2000

| Flugvöllur | Brottfarar-/komufarþ. | Áningar-/skiptifarþegar | Samtals | Breyting 00/99 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 1.076.145 | 379.560 | 1.455.705 | 11% | 98,2% |
| Reykjavík | 25.015 | 0 | 25.015 | 12% | 1,7% |
| Akureyri | 1.271 | 0 | 1.271 | -75% | 0,1% |
| Egilsstaðir | 42 | 971 | 1.013 | 5% | 0,1% |
| **Alls** | **1.102.473** | **380.531** | **1.483.004** | **10,4%** | **100,0%** |

### Vöru- og póstflutningar innanlands um íslenska áætlunarflugvelli 2000

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 00/99 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 1.304,1 | 55,1 | 1.359,2 | -23,1% | 43,0% |
| Akureyri | 631,2 | 62,3 | 693,5 | 5,5% | 21,9% |
| Egilsstaðir | 253,2 | 0,0 | 253,1 | -3,1% | 8,0% |
| Ísafjörður | 210,4 | 0,0 | 210,4 | 1,5% | 6,7% |
| Vestm.eyjar | 173,0 | 28,5 | 201,5 | 10,4% | 6,4% |
| Sauðárkrókur | 26,3 | 0,0 | 26,3 | -36,7% | 0,8% |
| Hornafjörður | 72,4 | 0,0 | 72,4 | 14,8% | 2,3% |
| Húsavík | 9,6 | 0,0 | 9,6 | -39,1% | 0,3% |
| Aðrir flugvellir | 203,9 | 133,7 | 337,6 | -10,3% | 10,7% |
| **Alls** | **2.884,1** | **279,7** | **3.163,7** | **-11,5%** | **100,0%** |

***) Vörur og póstur eru tvítalin, þ.e. bæði við brottför og komu.*

### Vöru- og póstflutningar milli landa um íslenska áætlunarflugvelli 2000

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 00/99 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 38.366,9 | 1.974,0 | 40.340,9 | 23,0% | 99,6% |
| Reykjavík | 165,1 | 6,4 | 171,5 | 40,2% | 0,4% |
| **Alls** | **38.532,0** | **1.980,4** | **40.512,4** | **23,0%** | **100,0%** |

### Flughreyfingar innanlands á íslenskum áætlunarflugvöllum 2000

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Snertilendingar | Samtals | Breyting 00/99 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 19.850 | 33.223 | 21.997 | 75.070 | -0,2% | 49,8% |
| Akureyri | 8.327 | 2.638 | 1.520 | 12.485 | -9,7% | 8,3% |
| Vestm.eyjar | 9.879 | 2.700 | 109 | 12.688 | 16,4% | 8,4% |
| Egilsstaðir | 2.788 | 640 | 115 | 3.543 | -15,7% | 2,3% |
| Ísafjörður | 2.438 | 1.064 | 188 | 3.690 | 3,4% | 2,4% |
| Hornafjörður | 1.608 | 332 | 34 | 1.974 | -2,6% | 1,3% |
| Húsavík | 532 | 134 | 63 | 729 | -50,2% | 0,5% |
| Sauðárkrókur | 1.445 | 310 | 0 | 1.755 | -15,0% | 1,2% |
| Keflavík | 185 | 5.822 | 22.563 | 28.570 | -15,6% | 18,9% |
| Aðrir flugvellir | 9.519 | 752 | 32 | 10.303 | 17,1% | 6,8% |
| **Alls** | **56.571** | **47.615** | **46.621** | **150.807** | **-4,7%** | **100,0%** |

### Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum 2000

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Samtals | Breyting 00/99 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 17.611 | 5.815 | 23.426 | 2,8% | 85,5% |
| Reykjavík | 1.536 | 2.262 | 3.798 | 8,1% | 13,9% |
| Akureyri | 141 | 0 | 141 | -38,2% | 0,5% |
| Egilsstaðir | 36 | 0 | 36 | -47,1% | 0,1% |
| **Alls** | **19.324** | **8.077** | **27.401** | **3,1%** | **100,0%** |

*Umsjón: Heimir Már Pétursson • Tölfræði: Birna Rún Björnsdóttir • Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.*